



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. september 2015.

Efni: Frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala, 4. mál, þingmannafrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 21. september þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um byggingarsjóð Landspítala, 4. mál á 144. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var það lagt fram á síðasta þingi (169. mál) en náði ekki fram að ganga.

LÍ sendi umsögn um frumvarpið með bréfi 11. mars 2015. Umsögnin fylgir hjálögð. Engu er við hana að bæta af hálfu félagsins, enda frumvarpið endurflutt óbreytt.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna frumvarps þessa, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Hjálagt:

Umsögn LÍ um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala, 169. mál, þingmannafrumvarp, dags. 11. mars 2015.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. mars 2015.

Efni: Frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala, 169. mál, þingmannafrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 14. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um byggingarsjóð Landspítala, 169. mál á 144. lögjafarþingi.

Í frumvarpinu felst að stofnaður verði sjálfstæður sjóður í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytis sem hafi það hlutverk að fjármagna nýbyggingar og meiri háttar endurnýjun húsakosts Landspítala. Hlutverk sjóðsins verði að taka við og eftir atvikum ávaxta markaðar tekjur hans. Sjóðurinn megi ennfremur taka við frjálsum framlögum. Tekjustofn sjóðsins verði fyrst og fremst tekjur af auðlegðarskatti. Í frumvarpinu felst því að álagning auðlegðarskatts verði framlengd til 2019, með nokkurri breytingu þó á álagningarreglum. Þær tekjur sem álagning auðlegðarskatts gefur, sem verði árlega upp á u.þ.b. 9-9,5 milljarða króna, renni í byggingarsjóðinn sem markaðar tekjustofn. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ef fjármunir sjóðsins af hinum afmarkaða tekjustofni dugi ekki til að endurgreiða ríkissjóði útlagðan stofnkostnað vegna nýbyggingar og endurnýjunar húsakosts Landspítala þá megi sjóðurinn taka lán. Þak er sett á lántökuheimildir sjóðsins.

LÍ hefur í fyrri umsögnum um þingmál sem snúa að byggingu nýs Landspítala lýst yfir ítrekuðum stuðningi sínum við að ráðist verði í þá byggingu og það sem fyrst. LÍ kys þó að taka ekki afstöðu til þess með hvaða hætti ríkissjóður stendur að því að fjármagna framkvæmdir við nýjan Landspítala.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.